

## Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 27. mars 2026 í máli nr. 129/2025

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Hildur Ýr Viðarsdóttir lektor og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 11. september 2025 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér 598.320 krónur.

### II

#### Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfi, dags. 16. september 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Boð um aðild var sent varnaraðila með ábyrgðarbréfi, dags. 23. október 2025, og tók varnaraðili við því þann 6. nóvember 2025. Engin andsvör hafa borist frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, reikningur varnaraðila, dags. 3. júlí 2024, staðfesting á greiðslu sóknaraðila, dags. 4. júlí 2024, staðfesting á endurgreiðslu að hluta, dags. 22. nóvember 2025 og afrit af skriflegum samskiptum milli aðila.

Með bréfi, dags. 25. mars 2026, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að varnaraðili flytur til Íslands frá [...] hinar ýmsu vörur og selur viðskiptavinum sínum. Í byrjun júlí 2024 pantaði sóknaraðili hjá varnaraðila sjö innihurðir, eina rennihurð, stofuborð og fjölda vara fyrir baðherbergi, þar á meðal flísar, sturtugler, baðvask, blöndunartæki, baðkar, vegghengt klósett og niðurföll. Þann 3. júlí 2024 gaf varnaraðili út reikning vegna kaupanna sem sóknaraðili greiddi degi síðar. Samkvæmt reikningnum var kaupverð varanna alls 1.364.952 krónur og sundurliðaðist þannig að krafist var greiðslu að fjárhæð 566.632 krónur fyrir hurðirnar og 798.320 krónur fyrir aðrar vörur sem sóknaraðili pantaði. Ekki verður séð af gögnum máls að aðilar hafi samið um sérstakan afhendingartíma varanna.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa átt tíðum skriflegum samskiptum við varnaraðila í kjölfar kaupanna. Hafi sóknaraðili ítrekað óskað eftir upplýsingum frá varnaraðila hvenær afhending varanna færi fram en varnaraðili ekki gefið honum skýr svör með það og borið fyrir sig ýmsar ástæður fyrir töfum á afhendingu. Hafi hluti hurðanna verið afhentur sóknaraðila í lok júlí 2025. Í lok ágúst 2025 hafi varnaraðili síðan fallist á að endurgreiða sóknaraðila vegna kaupa á öðrum vörum en hurðum, alls 798.320 krónur. Þann 22. nóvember 2025 hafi varnaraðili endurgreitt alls 200.000 krónur en eftirstöðvarnar séu enn ógreiddar. Kveðst sóknaraðili ítrekað hafa reynt að leysa málið með varnaraðila en án árangurs.

#### **IV Niðurstaða**

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili festi kaup á hurðum og ýmsum vörum fyrir stofu og baðherbergi af varnaraðila þann 4. júlí 2024 og greiddi alls 1.364.952 krónur fyrir. Að sögn sóknaraðila hefur varnaraðili afhent rennihurðina og sex innihurðir og hafa aðilar samið um afhendingu á þeirri sjöundu fyrir lok marsmánaðar 2026. Hefur varnaraðili hins vegar ekki staðið við afhendingu annarra vara sem sóknaraðili greiddi alls 798.320 krónur fyrir. Með smáskilaboðum dags. 26. ágúst 2025 féllst varnaraðili á að endurgreiða sóknaraðila fyrrnefnda fjárhæð. Þann 22. nóvember 2025 millifærði varnaraðili 200.000 krónur inn á bankareikning sóknaraðila. Að sögn sóknaraðila eru eftirstöðvar að fjárhæð 598.320 krónur enn ógreiddar.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Aðilar kröfuréttarsambands geta í samræmi við þá meginreglu krafist þess að samningur verði efndur í samræmi við efni hans. Í málinu liggur fyrir að aðilar gerðu með sér samkomulag í ágúst 2025 að varnaraðili myndi endurgreiða sóknaraðila 798.320 krónur. Af málsgögnum verður ráðið að varnaraðili hefur ekki efnt það samkomulag aðila nema að hluta til þrátt fyrir ítrekaðar óskir sóknaraðila þess efnis. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um að varnaraðila beri að endurgreiða honum 598.320 krónur.

#### **V Úrskurðarorð**

Varnaraðili, Y, greiði sóknaraðila, X, 598.320 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson